

## Skýrsla stjórnar foreldrafélags Sóla, fyrir starfsárin 2019-2021

Þann 19. nóvember 2019 var haldinn aðalfundur foreldrafélagsins þar sem eftirtaldir stjórnarmeðlimir voru kjörnir: Thelma Hrund Kristjánsdóttir, formaður, Björg Hjaltested, gjaldkeri, Unnur Líf Ingadóttir, ritari, Bragi Magnússon og Eva María Jónsdóttir. Björg og Unnur gáfu út að þær myndu starfa með stjórninni fram yfir næstu sumarhátíð en láta þá af stjórnarstarfi.

Skólaárið 2019-2020 fór af stað með hefðbundnum hætti og fyrstu störf stjórnar foreldrafélagsins snéru að undirbúningi aðalfunds, í þetta skiptið var ákveðið að prufa að halda aðalfundinn að morgni á kaffistofu leikskólans þar sem mæting hafði verið afskaplega dræm árin á undan, þ.e. eitt foreldri hafði mætt auk stjórnar en það má með sanni segja að tilraun að halda fundinn um morgun hafi ekki skilað tilætluðum árangri þar sem ekkert foreldri mætti á þann fund að stjórninni undanskildri.

Þann 25. nóvember 2019 bauð foreldrafélagið krökkunum upp á leiksýninguna, Leikhús í tösku, sem er í umsjón Þórdísar Arnljótsdóttur, krökkunum til mikillar ánægju.

Jólasamveran var á sínum stað og var ákveðið að einfalda föndrið og fólst það því einungis í því að skreyta piparkökur. Byrjað var á samveru í sal þar sem Sæþór Vídó var með foreldraframlag og söng jólalög með krökkunum áður en allir héldu inn á sína kjarna að skreyta piparkökur. Á hverjum kjarna var boðið upp á ljúffengt kakó og piparkökur og jólatónlist ómaði. Við vorum svo heppin að það kíkta einn hress jólasveinn til okkar sem gaf krökkunum mandarínu og spjallaði við þau. Þetta var vel heppnuð jólasamvera þar sem allir nutu sín vel jafnt börn sem foreldrar.

Árið 2020 fór nokkuð venjulega af stað og engan óraði fyrir því hversu miklar raskanir yrðu á leikskólastarfi og almennt á lífi okkar þetta árið. Halla Björk Hallgrímsdóttir gekk til liðs við stjórnina vorið 2020 en Unnur Líf og Björg hættu í stjórninni eins og þær höfðu gefið út.

Foreldrafélagið í samstarfi við Guðbjörgu Guðmannsdóttur bauð elstu nemendunum leikskólans í myndatöku líkt og á síðasta ári. Allir útskriftarhóparnir fóru í heimsókn til Guðbjargar með sínum hópstjóra, þar fengu þau popp og fóru í bæði hóp og einstaklingsmyndatöku. Foreldrar keyptu síðan mynd af sínu barni og þeirra hópi gegn vægu gjaldi sem var niðurgreitt af foreldrafélaginu.

Samkomutakmarkanir vegna Covid-19 komu í veg fyrir að útskriftin og sumarhátíðin yrðu haldnar með venjulegu sniði en foreldrafélagið gaf útskriftarbörnum áletrað handklæði líkt og fyrri ári. Sumarhátíðin var haldin á leikskólatíma þann 5. júní 2020 þar sem foreldrafélagið útvegaði hoppukastala og starfsfólk leikskólans sá til þess að dagurinn þeirra yrði dásamlegur en þau fengu að gera ýmislegt spennandi og öðruvísi þennan daginn og einnig var boðið upp á popp og ávexti eins og hver gat í sig látið.

Í lok sumarsins 2020 gaf foreldrafélagið leikskólanum jafnvægisbretti sem nýtist vel í leik og starfi á hvíta kjarna.

Haustið 2020 var vægast sagt óvenjulegt í ljósi samkomutakmarkanna vegna Covid-19, ákveðið var að fresta aðalfundi foreldrafélagsins og jólasamveran féll niður þetta árið svo hausið var ansi viðburða lítið því miður. Þann 16. desember 2020 skipaði fræðsluráð starfshóp um sumarlokanir leikskólanna árið 2021, haldnir voru tveir fundir þar sem fyrirkomulag fyrri ára var rætt og hvernig standa ætti að sumarlokunum fyrir næsta sumar. Fulltrúar foreldra komu því skýrt á framfæri að það væri mikilvægt fyrir foreldra að hafa eitthvað val í kringum sumarfríð eins og var árið 2020. Reynslan af því hafi kannski alveg verið marktæki vegna aðstæðna í þjóðfélaginu þar sem mikil röskun var almennt á skólastarfi á landinu, og reyndar á heimsvísu, um vorið vegna Covid-19. Ákveðið var að leggja til við fræðsluráð að halda því áfram að hafa val um nokkrar vikur en hafa þrjár fastar vikur þar sem öll börnin væru í sumarfrí á sama tíma. Thelma Hrund sat í þessari nefnd fyrir hönd foreldra á Sóla en Halla Björk átti einnig sæti í nefndinni.

Árið 2021 fór rólega af stað en líkt og undanfarin ár fóru útskriftarnemendur í myndatöku til Guðbjargar Guðmannsdóttur þar sem þau skemmtu sér vel enda Guðbjörg vön að taka vel á móti krökkunum með poppi og kósýheitum. Foreldrar keyptu síðan mynd af sínu barni og þeirra hópi gegn vægu gjaldi sem var niðurgreitt af foreldrafélaginu.

Útskriftin fór fram með nokkuð venjulegum hætti þetta árið og að venju gaf foreldrafélagið útskriftarnemum merkt handklæði í útskriftargjöf.

Því miður varð þröngur tímarammi vegna samkomutakmarkanna og óhagstætt verður til þess að sumarhátíðin 2021 var ekki haldin.

Ég vil þakka stjórninni kærlega fyrir gott og ánægjulegt samstarf.

Fyrir hönd stjórnar foreldrafélags Sóla

Thelma Hrund Kristjánsdóttir



